

Lífsleikni

Kennari: Berglind Másdóttir

Námsefni ART (Agression replacement training)

Nemendur í 2. og 3. bekk fá eina kennslustund á viku í ART. Samhliða ART tímum verður reglulega almenn umræða tekin í samverustundum um skólann, lífið og allt sem að nemendum langar að spjalla um og tengist lífsleikni. Rík áhersla er lögð á góð samskipti og virðingu.

Markmiðið með ART þjálfun er að bæta samskiptafærni, draga úr hegðunarvanda, koma í veg fyrir ofbeldi og styrkja siðferðisleg gildi einstaklinga.

Hér má kynna sér hvernig ART tengist aðalnámskrá grunnskóla <https://www.isart.is/wp-content/uploads/2022/12/ART-og-AG-2022-Alfh..pdf>

Námsefninu í ART er skipt upp í þrjá hluta:

- Félagsfærni
 - Nemendur fá verkfæri i hendurnar til að leysa ýmiskonar aðstæður.
 - Nemendur læra hvað þeir geta gert í ákveðnum aðstæðum.
 - Unnið er út frá hegðun nemendanna.
- Sjálfstjórn
 - Nemendur lærir að þekkja tilfinningar sínar.
 - Nemendur læra leiðir til að koma í veg fyrir að missa stjórn á sjálfum sér.
 - Unnið er út frá tilfinningum nemendanna.
- Siðferðisvitund
 - Nemendur eru þjálfaðir í að greina mun á réttu og röngu.
 - Unnið er í gegnum klípusögur.